

Verkefnaráð

Fundargerðir: Verkefnaráð 14.12.2023

Verkefnaráð	1
Regluvörður – innherjaskráning og viðskipti tengdra aðila: niðurstaða greiningar	2
Reykjavíkurstíð Snjóll Reykjavík – rafrænt kort: Beiðni um POC	4
Útboð á umsjónarkerfi leikskóla og frístundar – Valan.....	7

Verkefnaráðsfundur 14.12.2023

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 14.12.2023
Dagsetning 14.12.2023	Staðsetning Borgartún 12-14.
Mættir: Arna Ýr Sævarsdóttir, Eva Björk Björnsdóttir, Ólafur Óskar Egilsson, Þröstur Sigurðsson, Bára O'Brien Ragnhildardóttir, Ólafur Sólímánn Bergdís Björk Sigurjónsdóttir, Lára Aðalsteinsdóttir, Eva Jakobsdóttir, Jóhann Jökull Ásmundsson, Halla María Ólafsdóttir, Jón Hafsteinn Jóhannsson	
Fjarverandi: Ásta Þöll Gylfadóttir og Óskar Sandholt	
Fundarritari: Eva Björk Björnsdóttir/Bára O'Brien Ragnhildardóttir	

Dagskrá fundar

Fimmtudaginn, 14. desember 2023, kl. 10:00 – 11:15 – 6. hæð vestur, Þverárkot, Borgartún 12-14

10:00 -10:05 Samstilling

10:05–10:20 Regluvörður – innherjaskráning og viðskipti tengdra aðila – Bergdís

10:20–10:25 Umræður

10:25–10:40 Reykavíkurkortið - beiðni um POC – Lára og Eva

10:40–10:45 Umræður

10:45– 11:00 Endurnýjun samnings á Völu – Jóhann Jökull, Jón Hafsteinn og Halla María

11:00 – 11:15 Umræður

11:15 Fundi slitið

Regluvörður – innherjaskráning og viðskipti tengdra aðila: niðurstaða greiningar

Erindi kom inná verkefnaráðsfund 23. febrúar s.l þar sem óskað var eftir fjármagni til að koma innherjaskráningu og viðskiptum tengdra aðila í stafrænt ferli og þar með framfylgja lögum tengdum báðum flokkum. Niðurstaða verkefnaráðs var eftirfarandi: Að verkefnið fari í nánari og skýrari greiningu, skoða hvað við eigum sem getur betur stutt við þetta. Hvaða lausnir eru til, hvað er til á markaði og hugsanleg sérsmíði. Skoða umsóknarferli, 365, power platform, jira og fleira sem gæti hugsanlega hentað.

Búið er að gera:

- Áskorunarramma
- Þarfagreiningu
- Ferlagreiningu
- Gróft umfangsmat
- Tillögu að lausn

Með verkefninu á m.a að:

- Einfalda vinnu regluvarðar við innköllun lögbundinna upplýsinga frá innherjum varðandi aðila tengda þeim. Í dag er utanumhald gamaldags og flókið við lögbundna upplýsingaöflun frá innherjum borgarinnar.

Ávinningur/ábati:

- Spara vinnutíma með stafrænni lausn
- Aukið öryggi og bætt eftirlit
- Ánægja innherja með einfaldari skráningu og meiri sjálfvirkni. Bætt álit innherja á ferlinu hjá borginni.
- Sparnaður í tíma regluvarðar
 - Einfaldar ferlið við upplýsingaöflun
 - Minni tími í tölvupóstsamskipti, eftirfylgni og úrvinnslu
 - Minnkar villuhættu og minni hætta á að eitthvað fari fram hjá kerfinu
 - Einfaldara utanumhald og auðveldara að fylgjast með hvort allir séu búnir að svara
 - Ánægðari viðskiptavinir
- Sparnaður í tíma innherja
 - Einfaldar ferlið og styttrir tíma við svörun
- Minni villuhætta

Niðurstaða verkefnahóps var sú að með M365 (Microsoft 365) er hægt með einföldum hætti að:

- Útbúa form þar sem hægt er að fylla út staðlaðar upplýsingar
- Útbúa sjálfvirkni sem sendir til fyrirframgreindra aðila á fyrirframgreindum tíma
- Hafa yfirsýn yfir þær upplýsingar sem hafa borist
- Útbúa pdf skjöl sem svo er hægt að senda til rafrænnar undirritunar
- Færa upplýsingar yfir á excel format til áframhaldandi vinnslu

Tvær leiðir lagðar til, þ.e að nýta microsoft eða halda sig við óbreytt ástand. Mun fleiri kostir að nýta Microsoft eins og nefnt er hér ofar í ávinning/ábata.

Tímarammi: discovery fasi/uppgötvunarfasi: 4 - 5 mánuðir

Áætlaður kostnaður verkefnis: 3,2 m.kr

Óskað er eftir: Vörustjóra í 5-7 daga vinnu

Tegund verkefnis:

Fjárfestingaverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Innherjaskráning og viðskipti tengdra aðila skor 23.2.2023: 1 2 5 4 5 2 3,13

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 14.12.2023: 1 2 5 4 5 2 3,13

Umræður verkefnaráðs:

- Verkefnastjóri og vörustjóri hafa verið að vinna saman að greiningu. Engar tímasetningar verið ræddar um hvenær vörustjóri kemst í að vinna vinnuna sem hér er verið að óska eftir. En 2024 raunhæft. Mikill hagur í því að forgangsraða þessu svo það sé hægt að vera búid að afgreiða þetta fyrir útsendingu sem fer fram í febrúar 2024.
- Hvernig eru rafrænar undirritanir leystar þar sem þær eru ekki partur af kerfinu? Þær yrðu leystar með Dokobit – móttaka hlekk með PDF til að undirrita
- Þarf að gera API á milli? Nei, þetta er eingöngu Microsoft Lists lausn. Svipað og sorptunnutalningar verkefnið. Frábært að geta nýtt það sem borgin á til í svona verkefni.
- Segjum sem svo að við myndum kaupa kerfi, hvað myndi það kosta, svo við sjáum hvað við erum að spara við að nota bara innanhússláusnir? Erum að tala um amk mánuð í þróunarvinnu, viðhald og fleira. Gróft áætlað eru 10 milljónir í sparnað miðað við sambærilegar SaaS (software as a service) lausnir á markaði

Niðurstaða verkefnaráðs:

Samþykkt.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefnaráð samþykkir verkefnið
2	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir verkefnastjóra um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/BOB	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra verkefnastofu og deildarstjóra vef- og vörustýringar	EBB/BOB	x

Aftur í efnisyfirlit.

Reykjavíkurlortíð Snjöll Reykjavík – rafrænt kort: Beiðni um POC

Erindi kom inná verkefnaráðsfund 31.maí s.l og óskað var eftir fjármagni og að fá að fara í uppgötvunarfasa sem felur í sér að gera prótótýpu og prófanir ásamt mönnun, setja á fót hagsmunahóp sem tekur þátt í mótun vöru, áframhaldandi vinnustofur, kortleggja lausn, útbúa frumgerð, teikna upp tæknistrúktur og hefja samtöl við núverandi samstarfsaðila eins og BRP (söluaðili aðgangshliða) og Teya færsluhirði. Ásamt því að rýna möguleika snjallveskis.

Niðurstaða verkefnaráðs var eftirfarandi 31.maí s.l: Mikil forvinna hefur átt sér stað, og gott að heyra að það sé mikill meðbyr með verkefninu innan sviðsins og að sviðsstjóri standi þétt á bak við þessa leið. Verkefnaráð fagnar því að farið sé í þessa vinnu og samþykkir verkefnið áfram í uppgötvunarfasa. Áhersla er lögð á að það verði vörustjóri með frá upphafi.

Áskorunin sem staðið er frammi fyrir er að fara frá plasti yfir í stafræna lausn með aðgangskort MÍR (menningar- og íþróttasvið).

Búið er að gera:

- Áskorunarrámi
- Þarfagreining
- Desk research (finna íslenskt orð)
- Notendaviðtöl
- Kick off vinnustofa með hagaðilum
- Kúltúrhakk með hagaðilum
- Forgreiðing með þjónustuhönnuði
- Greining á fjórum tæknilausnum

Með verkefninu á m.a að:

Hætta að selja plastkort, þjónusta borgarbúa og gesti á þeirra forsendm. Lausn sem rúmar menningu, íþróttir og tómstundir á einum stað og getur vaxið.

- Útbúa eina lausn, þ.e sameina þrjár vörur af plasti: sundkort, fjölskydlugarðskort og menningarkort.
- Setja upp sjálfsafgreiðslu í síma notanda eða vef Reykjavíkurborgar og þannig koma í veg fyrir að þjónusta sé brotin.
- Framtíð: Mírar síður, starfsmannagátt og opin bókasöfn.

Ávinningur/ábat:

- Borgarbúar og gestir geta fylgst með sínum áskriftum, sótt um eða endrunýjað í gegnum framenda á Reykjavik.is eða í farsíma.
- Lausnin verður aðgengileg í snjallveskjum og geta notendur skannað sig sjálf inn við afgreiðslu og þar með létt á álagi framlínustarfsmanna.
- Drögum úr plastnotkun og er það mikilvægur þáttur í stafrænni umbreytingu.
- Upplýsingar um stöðu og gildistíma sýnilegri.
- Betri yfirsýn og aðgengi að gögnum.
- Álag í afgreiðslu minnkar.
- Samþætting á þjónustu.
- Endurnýju plastkorta hettir að mestu, kostnaður við hvert plast kort er um 500 kr. Í umferð eru um 150.000 stk.
- Útprintun stríkjamerkja miða hettir að mestu.

Úfærsla:

Til að sannreyna niðurstöður úr rannsóknum er mælt með að vinna frumathugunarverkefni (POC - proof of concept) með breska tæknifyrirtækinu Passentry. Það býður lausn sem er miðakerfi, vildarkerfi, meðlimakort og getur virkað sem aðgangsstýring í gegnum NFC kortalausn sem hægt er að leggja ofan á afgreiðslukerfi stofnana MÍR. Ekki þarf að breyta kerfum eða uppgjöri svo lausn virki.

Framendi fyrir lausnina á Reykjavik.is og inn í kortakerfi Passentry er hannaður hjá okkur í hönnunarstakk borgarinnar. Vöruframboði er stýrt af MÍR.

Passentru lausnin tengir sig við núverandi afgreiðslulausnir með API tækni. Hægt er að nýta NFC lausn, QR kóða eða strikamerki, allt eftir þörfum fyrirbyggjandi tækni hjá starfsstöðvum okkar. Hver þjónusta getur átt sitt einkenniskort.

Tímarammi: Hönnunar og tæknifasi getur hafist í lok desember. Tímalína er ca 12 vikur.

Áætlaður kostnaður er um 6 m.kr. Skiptist ca jafnt á milli innanhúss teymis og Passentry. Framtíðarkostnaður leggst á svið, þ.e virkir passar per mánuð ca. 0,07 pund.

Óskað er eftir:

- Samþykki fyrir þáttöku Passentry til að prófa tæknina (proof of concept verkefni – POC).
- Nú þegar samþykktur kostnaður uppá 3,1 m.kr frá fundi verkefnaráðs 31.5 s.l. þegar verkefnið var fyrst lagt fyrir.
 - Innanhúss teymi samanstendur af: Framleiðanda, þjónustuhönnun/ferlagreining, vöruhönnun (UI/UX), vöruhönnun, framendaforritari, prófari.

Tegund verkefnis: Umbreytingarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 14.12.2023: 5 5 1 5 5 3 3,53

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 15.6.2023: 5 5 1 5 5 3 3,53

Umræður verkefnaráðs:

- Í lausninni er virkni til að opna hliðin sem borgin á nú þegar, t.d í sundlaugum og Húsdýragarðinum o.fl. Ekki þarf að leggja í fjármagn til að skipta um lesara á hliðum fyrir lausnina.
- Rætt var að leggja fram tillögu að verð fyrir hvert virkt kort verði lækkað eftir því sem fjöldi notanda eykst.
- Eru þið með tölur yfir hversu mörg plastkort eru gefin út á ári, svo hægt sé að reikna út hversu mikill sparnaður felst í lausninni? *Á hverju ári eru gefin út í kringum 50 þúsund kort.*
- Er borgin að fara að þróa API? *Nei, það er til og samningsaðilar eru tilbúnir að þróa það sem ekki er til. Kostnaður við þróunina er innifalin í £0,7 fyrir hvern virkan notanda.*
- Hvaða möguleika höfum við að fara í útboð ef það gengur vel og hafa umræddir samningsaðilar möguleika á að taka þátt í útboðinu? *Já, þeir hafa starfsstöð í Reykjavík.*
- Eru MÍR spennt og seld á þessa leið? *Já, það er vilji fyrir lausninni hjá sviðsstjóra MÍR og skrifstofustjóra á MÍR sem standa þétt með verkefninu.*
- POC verkefnið er vel skilgreint. Sjá hagsmunaaðilar tækifæri í að taka svona lausn inn, ásamt vöruþróun innanhúss. Td. varðandi helgarpassa fyrir ferðafólk? *Samtal hefur átt sér stað við*

Húsdýragarðinn og þau eru með okkur í því. Næst er ætlunin að prófa Listasafnið, þar þarf að kaupa einn skanna. Þau eru mjög áhugasöm líka og sjá mörg tækifæri í lausninni.

- *Gott að vinna með þeim aðilum sem hafa sýnina og trúna á verkefninu.*

Niðurstaða verkefnaráðs:

Samþykkt. Lögð er áhersla á að sparnaður verði dreginn fram í verkefninu, þ.e hver er sparnaður við plastkortin og útprentaða miða. Setja upp lykilmælikvarða (KPI's – key performance index) og markmið.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefnaráð samþykkir frumathugunarverkefni
2	Setja upp lykilmælikvarða fyrir verkefnið og framtíðarsýnina

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga og þjónustuhönnuð um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/BOB	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra umbreytinga um niðurstöðu verkefnaráðs og deildarstjóra vef- og vörustýringar	EBB/BOB	x

Aftur í efnisyfirlit

Útboð á umsjónarkerfi leikskóla og frístundar – Valan

Árið 2009 hóf Advania nýsmíði á umsjónarkerfi fyrir leikskóla Reykjavíkur sem í dag heitir Vala. Önnur sveitarfélög hafa keypt leyfi að Völu sem í dag er þroskuð hillu lausn.

Nú þarf að fara í útboð á umsjónarkerfi fyrir SFS (skóla- og frístundasvið) sem heldur utan um allar skráningar og úrvinnslu fyrir leikskóla, vetrarfrístund, sumarfrístund, dagforeldra ásamt umsjón á skólamat. Einnig er áhugi hjá fleiri sviðum borgarinnar að nýta kerfið.

Reykjavíkurborg hefur notast við þjónustu Völu frá árinu 2009 þegar sent var út samkeppnisútboð fyrir nýsmíði.

UTR (upplýsingatækniþjónusta Reykjavíkurborgar) er að vakta samninga sem eru í rekstri. Grunnssamningar Völukerfisins eru ekki í þessari vöktun og veldur það ákveðnum vandamálum varðandi þróun og þá að fara í útboð tímanlega.

Með verkefninu á m.a að: Þjóða út þjónustu á umsjónarkerfi til lengri tíma og endurskilgreina kröfur og þarfir borgarinnar.

Ávinningur/ábat:

- Eyða út óvissu og tryggja að gögn sem verða til í umsjónarkerfi sé í eigu Reykjavíkurborgar.

Tímarammi: 4 mánuðir

Áætlaður kostnaður: 2,4 m.kr.

Óskað er eftir: Verkefnastjóra til að verkefnastýra og leiða vinnuna við að þjóða út þjónustu umsjónarkerfis. 40% staða í 4 mánuði. SFS hefur samþykkt fjármagn í verkefnið.

Tegund verkefnis:

Rekstrarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 14.12.2023: 5 4 1 4 3 3 3,07

Umræður verkefnaráðs:

- Er SFS til í að greiða fyrir vörustýringu? *Nei það er ekki komið, en við erum að fara inn í það samtal. Sparnaðurinn við það verður fljótur að borga sig upp.*
- Umfang verkefnisins og fjöldi sviða sem hefur sýnt áhuga á að koma inní kerfið, sýnir fram á að það sé vörustýring frá ÞON (þjónustu- og nýsköðunarsviði á kerfinu.
- SFS mun taka allan samningskostnað, vilja halda áfram með samninginn við Völu. En gott að nýta tækifærið til að endurskoða kröfurnar og tímasetja þær.
- Í núverandi samning leita skólastjórar til verktaka vegna aðstoðar og þjónustu við kerfið. Í nýjum samning yrði mikill sparnaður að hafa þessa þjónustu innifalda í samning og spara með því verktakakostnað.

Niðurstaða verkefnaráðs:

Samþykkt. Mikilvægt að skoða hvaða samningsform hentar best þegar varan er orðin svona stór. Hvernig ætlum við að taka utan um nýjan samning og þær vörur sem honum fylgja.

Mikilvægt að það sé vörustjóri eða sambærilegur aðili sem sér um að kröfum sé fylgt eftir sem settar voru fram í upphaflegum samningi. Lagt er til að taka þetta niður í smærri verkefni, þ.e samning fyrir SFS og svo er samið undir platform, þ.e eins og t.d fyrir MÍR, VEL og USK. Passa að hafa heildarhagsmuni Reykjavíkurborgar að leiðarljósi.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefnaráð samþykkir verkefnið
2	

3	
---	--

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir verkefnastjóra og stafrænan leiðtoga Skóla- og frístundasviðs (SFS) um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/BOB	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra verkefnastofu um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/BOB	x

[Aftur í efnisyfirlit](#)

Næsti fundur

Næsti fundur verkefnaráðs PON verður haldinn 22.janúar 2024.